

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

130. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins haldinn þann 5. ágúst 2020 kl. 11.00.

Til fundarins mættu: Árný Sigurðardóttir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Árni Davíðsson frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis og Hörður Þorsteinsson og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði.

1. Drög að tillögu að matsáætlun Landsnets vegna Lyklafellslínu 1

Heilbrigðiseftirlitssvæðum var sent erindi 8. júlí s.l. frá Landsneti hf. þar sem óskað er eftir ábendingum um hvaða þætti beri að taka fyrir í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar við lagningu áformaðrar raflínu sem nefnd verður Lyklafellslína 1. Fyrir liggur eldra mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem lauk með áliti Skipulagsstofnunar í september 2009. Ekki varð af framkvæmdum í samræmi við það umhverfismat, en þar sem nú liggja aðrar forsendur til grundvallar hefur Landsnet ákveðið að gera nýtt umhverfismat fyrir Lyklafellslínu 1. Tilgangur mats á umhverfisáhrifum er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir matskyldri framkvæmd, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áformuð framkvæmd gæti haft áhrif á öryggi neysluvatnsöflunar íbúa allra sveitarfélaga sem standa að sameignlegu vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Heilbrigðiseftirlitssvæðin, sem jafnframt mynda framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, munu vinna náið saman við leyfisveitingar og eftirlit með boðaðri framkvæmd verði af henni.

Framkvæmdastjórn hefur fjallað um erindið og var samþykkt að hvert og eitt heilbrigðiseftirlitssvæði sendi inn ábendingar um þau atriði sem þau vilja leggja áherslu á að verði skoðuð sérstaklega. Framkvæmdastjórnin er sammála því mati sem fram kemur í drögunum að valkostir sem metnir verða í umhverfismatinu séu þeir sem Landsnet leggur til, þ.e. loftlínukostur sem er samsíða núverandi Búrfellslínu 3b og jarðstrengskosturinn sem er jarðstrengur með Bláfjallavegi. Síðarnefndi kosturinn þyrfti að fá meiri umfjöllun en var í umhverfismatinu frá árinu 2009.

2. Fyrirhuguð tvöföldun Suðurlandsvegur

Tillaga að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar breikkunar á Suðurlandsvegi frá Bæjarhálsi að Hólmsá var send út til kynningar og sendu heilbrigðiseftirlitssvæðin athugasemdir sínar vegna fyrirhugaðrar breytinga. Þær voru að mestu samhljóða þar sem ítrekuð voru varnaðarorð um að aðgæslu þyrfti vegna vatnsverndarsjónarmiða.

3. Framkvæmdir á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Kynntar þær framkvæmdir sem HHK hefur gefið út starfsleyfi fyrir.

4. Skemmdarverk á lokunum á Bláfjallavegi

Framkvæmdastjórn harmar þau skemmdarverk sem unnin hafa verið á lokunum og beinir því til Vegagerðarinnar að ekki verði með einföldum hætti hægt að fjarlægja lokanir, eða komast fram hjá þeim.

Fundi slitið kl. 12.50